



Fréttatilkynning

27 May 2022 16:00:00 GMT

Arion banki: Útboð sértryggðra skuldabréfa þann 1. júní 2022

Arion banki verður með útboð á sértryggða skuldabréfaflokknum ARION CB 27 miðvikudaginn 1. júní nk.

Í tengslum við útboðið fer fram skiptiútboð þar sem eigendur ARION CB 22 eiga þess kost á að selja bréf í flokknum gegn kaupum á ARION CB 27 á ávöxtunarkröfunni 4,15% eða hreina verðinu 100,542.

Útboð ARION CB 27 verður með hollensku fyrirkomulagi þar sem öll skuldabréfin verða seld á sama verði eða hæsta samþykka álagi. Arion banki áskilur sér rétt til þess að samþykkja öll tilboð, hafna öllum tilboðum eða taka tilboðum að hluta

Áætlaður uppgjörsdagur viðskipta er 8. júní 2022.

Markaðsviðskipti Arion banka hafa umsjón með útboðinu. Tilboðum skal skilað á tölvupóstfangið skuldabrefamidlun@arionbanki.is fyrir kl. 16:00 þann 1. júní 2022.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Eiríks Magnúsar Jenssonar, forstöðumans fjárstýringar, eirikur.jensson@arionbanki.is, s. 856 7468, eða Theodórs Friðbertssonar, forstöðumans fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760

Viðhengi

[Arion banki: Útboð sértryggðra skuldabréfa þann 1. júní 2022](#)